

Ed.

698. Lög

um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka sedlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv, 1905,

(Afgreidd frá Ed. 6. sept.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að auka sedlaupphæð þá, er Íslandsbanki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., svo sem viðskiftaþörfin krefur að dómi landsstjórnarinnar. Þessa viðbót við sedlaútgáfuna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar sedlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr 2^{1/2} miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2⁰/₁₀₀ á ári, af upphæð þeirri, er sedlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr 2^{1/2} miljón króna og málmforðinn nægir ekki til.
3. bankinn greiði ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt og ókeypis það sje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti sem innieign Íslandsbanka þar leyfir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi sedlaútgáfurjettar sins, að innleysa alla þá sedla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafn-skjótt og landsstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918 og gilda til 1. maí 1921.